

# Endurtekinn **LESTUR** með **FÉLAGA**

(cooperative repeated reading/paired reading)

## Aldurshópur

Yngsta og miðstig

## Um aðferðina

Reglulegar lestrarstundir eru mikilvægar í skólanum og þá þarf að vinna með og þjálfastur undir fjölbreyttum formerkjum svo tilgangur lestrarstundanna verði augljós í huga nemenda. Með þessari aðferð er gert ráð fyrir að kennari taki 10-15 mínútur af lestrarstundinni til að láta nemendur sína þjálfastur lesfimi í pörum.

## Markmið aðferðar

- Að þjálfastur lesfimi.
- Að þjálfastur nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum og að axla ábyrgð á eigin lestrarnámi.
- Að leggja mat á frammistöðu jafnaldra og að gagnrýna á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.

## Gögn

Stuttur texti úr sameiginlegu námsefni til að mynda úr smásögu, lestrarbók eða kjörbók. Þjálfun á fræðilegum texta kemur einnig til greina ef hann er ekki of þungur.

## Framkvæmd

1. Félagarnir finna stað þar sem lestrarnæðið er gott. Kennarinn afhendir hvorum sitt eintakið af skráningarblaðinu.
2. Fyrri lesarinn byrjar á að lesa kaflann upphátt en hinn hlustar og leiðréttir ef þarf. Eftir fyrsta lestur ræða félagarnir saman um hvernig gekk og sá sem hlustaði skráir frammistöðuna á skráningarblaðið.
3. Fyrri lesarinn les textann aftur og fær munnlega endurgjöf frá félaganum sínum. Fyrri lesarinn les textann í þriðja sinn og fær þá aftur endurgjöf samkvæmt skráningarblaðinu og hrós fyrir framfarir!
4. Seinni lesarinn les og sá fyrri veitir endurgjöf skv. skrefum tvö og þrjú.

## Nánari útfærsla

Kennari getur útbúið sitt eigið skráningarblað með öðrum áherslum en umskráningu, hraða og lestrarlagi, allt eftir því sem hann ákveður að þjálfastur sérstaklega hverju sinni.

Dagsetning: \_\_\_\_\_ Lesari: \_\_\_\_\_ Umsögn: \_\_\_\_\_


## Endurtekinn lestur með félagi – skráningarblað

Hvernig las félagi þinn? Ræðið hvernig gekk og skráið síðan inn á blaðið upplýsingar um frammistöðu hans við **fyrsta** og **þriðja** lestur.


**Talan fimm sýnir bestu frammistöðuna!**

Hversu nákvæmur var lesturinn hjá honum? Skráðu á talnalínuna.

Fyrsti lestur




Þriðji lestur




Hversu vel flæddi textinn? Skráðu á talnalínuna.

Fyrsti lestur




Þriðji lestur



Hvernig hljómaði lesturinn? Skráðu á talnalínuna.

Fyrsti lestur



Þriðji lestur

